



SNÆFELLSBÆR

Par sem jökullinn ber við loft...

Átt. Númer	20090205	Átt. Númer	JAB
Átt. Dátum	11.02.07	Átt. Dátum	
Átt. Dátum	25.9.2020	Átt. Dátum	

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Jóns Þránís Stefánssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Snæfellsbær, 21. september 2020

Tilv. bréfs 31612

Á fundi bæjarráðs Snæfellsbæjar, þann 17. september 2020, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 11. september 2020, varðandi úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2020/2021.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissandi, Rífi og Ólafsvík), þá verði farið eftir reglugerð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 21. júlí 2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021.

Þó óskar bæjarstjórn Snæfellsbæjar eftir því að gerð verði eftirfarandi breyting á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta í Snæfellsbæ:

Að í staðinn fyrir orðið „byggðarlag“ verði notað orðið „sveitarfélag“.

Rök bæjarstjórn Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Ólafsdóttir, bæjarritari

